

Góðan daginn

Sendi hér umsögn bæjarráðs Fljótshéraðs frá 24.04. 2017.

Kv. Stefán Bragason

201704044 - Tillaga til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland.

Bæjarráð tekur heils hugar undir að stefna ber að því að Ísland verði kolefnishlutlaust og bendir á að skilvirkasta aðgerð sem grípa má til í þeim efnum er að stórauka framlög ríkisins til skógræktarverkefna.



Nefndasvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Gunnarsholti, 18. apríl 2017

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál, þingsályktunartillaga, 146. löggjafarþing 2016–2017.

Með rafbréfi, dags 10. apríl 2017, óskaði Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir athugasemdum Landgræðslu ríkisins vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland.

Landgræðsla ríkisins starfar eftir lögum um landgræðslu nr. 17/1965. Samkvæmt lögnum fer Landgræðsla ríkisins með víðtækt hlutverk á sviði jarðvegsverndar þ.m.t. er „hefning jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlítilla landsvæða“ sbr. 1. tl. 2. gr. og „gróðurvernd, sem stuðlar að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafli lands gegn eyðingu“ sbr. 2. tl. 2. gr. Með landgræðslustarfinu er stuðlað að bindingu kolefnis í gróðri og kolefnisrýrum jarðvegi og jafnframt hamlað gegn losun þar sem komið er í veg fyrir ofnotkun á landi, sem oftast leiðir til losunar kolefnis úr jarðvegi. Þetta gerist samhliða því að öðrum markmiðum er náð s.s. að vernda gróður og jarðveg gegn eyðingu og að byggja upp vistkerfi sem eyðst hafa. Binding kolefnis í gróðri og jarðvegi með uppgræðslu, eins og lagt er til í þingsályktuninni sem möguleg mótvægisáðgerð gegn losun gróðurhúsalofttegunda, getur því haft margþætt önnur jákvæð áhrif á vistkerfi landsins sé rétt á haldið. Umsögn stofnunarinnar er skrifuð í ljósi þessa tilgangs laganna.

Landgræðsla ríkisins fagnar því að til standi að stuðla að samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda á metnaðarfullan hátt enda brýn þörf á að bregðast við einu mest aðkallandi alþjóðlegu umhverfismáli samtímans. Hlýnun loftslags vegna gróðurhúsaáhrifa af manna völdum er einn víðamesti vandi sem mannkynið stendur frammi fyrir. Ljóst er að á síðustu tveimur öldum, sem er tímabil hinna iðnvæddu samfélaga í sögu mannkyns, hefur styrkur koltvísýrings í andrúmslofti aukist um 40-42% (en ekki einungis 30–35% líkt og kemur fram í þingsályktuninni), þar sem styrkur koltvísýrings hefur hækkað á tímabilinu úr um 280 ppm upp í 400 ppm CO₂ á síðustu árum.


Mikilvægt er að hafa þessi mál í skýrum farvegi og að því miðar þingsályktunin. Landgræðslan tekur undir mikilvægi þess að stuðla að samdrætti í losun á öllum sviðum samfélagsins. Landgræðslan tekur einnig undir mikilvægi þess að leita fjölbreyttra leiða við lausn þessa verkefnis svo markmið um kolefnishlutlaust Ísland geti náðst í síðasta lagi árið 2040.

Landgræðslan tekur enn fremur undir mikilvægi þess að efla markmið um sjálfbærni og þá sérstaklega sjálfbæra landnotkun og að efla sjálfbærnimenntun á öllum skólastigum, svo hægt sé að stuðla að farsæld íslensks samfélags og alþjóðasamfélagsins til langs tíma.

Landgræðslan vill benda á að hinn stutti umsagnartími er í samræmi við mikilvægi málaflokksins og að brýn þörf er að bregðast sem fyrst við loftslagsbreytingum af mannavöldum. Ljóst er þó að stuttur tími mun gefast til að bregðast við umsögnum sem eiga að berast fyrir 28. apríl 2017 þar til Stefnumörkuninni er ætlað að verða kynnt umhverfis og samgöngunefnd Alþingis í síðasta lagi 1. maí 2017.

Landgræðsla ríkisins er fús til að upplýsa um málefni er tengjast gróðureyðingu í landinu, kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi, þróun sjálfbærnivísa og aðstoða við þróun þingsályktunartillögu og væntanlegs lagafrumvarps þessa málaflokks. Fulltrúar stofnunarinnar eru fúsir til að funda með Umhverfisnefnd Alþingis, telji nefndin að þess gerist þörf.

Virðingarfyllst, f.h. Landgræðslu ríkisins



Árni Bragason, landgræðslustjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.04.2017
Tilvísun vor: M-2017-178 / 00.11

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um, um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál. Landsvirkjun hefur kynnt sér tillöguna og óskar eftir að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

Landsvirkjun styður að unnið sé að orkuskiptum í samgöngum. Eru þau rökrétt framhald aðgerða við að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis til orkuvinnslu með því að beisla orkulindir landsins, vatnsorku og jarðvarma. Nú sjá þessar orkulindir landsmönnum fyrir nánast allri staðbundinni orkuþörf og gott betur því þær sjá einnig stóriðjufyrirtækjum og fleiri fyrirtækjum fyrir raforku án þess að orkuvinnslunni fylgi umtalsverð losun gróðurhúsalofttegunda. Nýting þeirra hefur þannig dregið út hnattrænni losun. Þetta kemur skýrt fram í nýlegri skýrslu Hagfræðistofnunar, *Ísland og loftslagsmál* (skýrsla C17:01), þar sem segir: *Þannig er meðalútsreymi á heimsvísu af hverju framleiddu tonni af áli nánast tífalt hærra en á Íslandi, sem stafar að mestu af því að jarðefnaeldsneyti er notað til raforkuframleiðslunnar.*

Þá hefur Landsvirkjun fært kolefnisbókhalda í meira en áratug og unnið að margvíslegum verkefnum bæði til að mæla eða meta losun, aðgerðir sem miða að því að draga úr losun og síðast en ekki síst til að binda koldíoxíð með landgræðslu og skógrækt. Fyrirtækið er að sjálfsgöðu reiðubúið til að deila þeirri þekkingu sem hefur verið aflað og sinni reynslu þannig að hún nýtist bæði við stefnumörkun og við undirbúning aðgerðaráætlana á þessu sviði.

Stefna Landsvirkjunar er að verða kolefnishlutlaus árið 2030 og hefur á síðustu árum verið unnið samkvæmt þeirri stefnu. Í aðdraganda aðildarríkjaþings loftslagsþings Sameinuðu þjóðanna í París í desember 2015 skráði Landsvirkjun áform sín um hvað fyrirtækið ætlar að leggja af mörkum til að vinna gegn loftslagsbreytingum hjá NAZCA¹. Landsvirkjun skuldbatt sig m.a. til að:

- Verða kolefnishlutlaust fyrirtæki eigi síðar en árið 2030. Gert er ráð fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda sem verður við starfsemina verði jöfnuð með bindingu í skógrækt, landgræðslu eða endurheimt votlendis.

¹ NAZCA stendur fyrir Non-State Actor Zone for Climate Action. Átakanu var hleypt af stokkunum á aðildarríkjaþingi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í lok ársins 2014 til að gefa fyrirtækjum, borgum, svæðum, þjóðfélagsamtökum og fjárfestum tækifæri til að skrá skuldbingar sem þessir aðilar hafa ákveðið að taka á sig til að vinna gegn loftslagsbreytingum. Tilgangur með alþjóðlegri skráningu þessara aðila á markmiðum sínum er m.a. að hraða samstarfi til að bregðast við loftslagsvandamum.



- Sjá til þess að fjórðungur bílaflota fyrirtækisins verði knúinn með rafmagni árið 2020.
- Að taka þátt í orkusparnaðaráttaki með opinberum aðilum.

Virðingarfyllt

Ragna Árnadóttir

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.04.2017
Tilvísun vor: M-2017-178 / 00.11

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um, um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál. Landsvirkjun hefur kynnt sér tillöguna og óskar eftir að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

Landsvirkjun styður að unnið sé að orkuskiptum í samgöngum. Eru þau rökrétt framhald aðgerða við að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis til orkuvinnslu með því að beisla orkulindir landsins, vatnsorku og jarðvarma. Nú sjá þessar orkulindir landsmönnum fyrir nánast allri staðbundinni orkuþörf og gott betur því þær sjá einnig stóriðjufyrirtækjum og fleiri fyrirtækjum fyrir raforku án þess að orkuvinnslunni fylgi umtalsverð losun gróðurhúsalofttegunda. Nýting þeirra hefur þannig dregið út hnattrænni losun. Þetta kemur skýrt fram í nýlegri skýrslu Hagfræðistofnunar, *Ísland og loftslagsmál* (skýrsla C17:01), þar sem segir: *Þannig er meðalútsreymi á heimsvísu af hverju framleiddu tonni af áli nánast tífalt hærra en á Íslandi, sem stafar að mestu af því að jarðefnaeldsneyti er notað til raforkuframleiðslunnar.*

Þá hefur Landsvirkjun fært kolefnisbókhalda í meira en áratug og unnið að margvíslegum verkefnum bæði til að mæla eða meta losun, aðgerðir sem miða að því að draga úr losun og síðast en ekki síst til að binda koldíoxíð með landgræðslu og skógrækt. Fyrirtækið er að sjálfsgöðu reiðubúið til að deila þeirri þekkingu sem hefur verið aflað og sinni reynslu þannig að hún nýtist bæði við stefnumörkun og við undirbúning aðgerðaráætlana á þessu sviði.

Stefna Landsvirkjunar er að verða kolefnishlutlaus árið 2030 og hefur á síðustu árum verið unnið samkvæmt þeirri stefnu. Í aðdraganda aðildarríkjaþings loftslagsþings Sameinuðu þjóðanna í París í desember 2015 skráði Landsvirkjun áform sín um hvað fyrirtækið ætlar að leggja af mörkum til að vinna gegn loftslagsbreytingum hjá NAZCA¹. Landsvirkjun skuldbatt sig m.a. til að:

- Verða kolefnishlutlaust fyrirtæki eigi síðar en árið 2030. Gert er ráð fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda sem verður við starfsemina verði jöfnuð með bindingu í skógrækt, landgræðslu eða endurheimt votlendis.

¹ NAZCA stendur fyrir Non-State Actor Zone for Climate Action. Átakanu var hleypt af stokkunum á aðildarríkjaþingi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í lok ársins 2014 til að gefa fyrirtækjum, borgum, svæðum, þjóðfélagsamtökum og fjárfestum tækifæri til að skrá skuldbingar sem þessir aðilar hafa ákveðið að taka á sig til að vinna gegn loftslagsbreytingum. Tilgangur með alþjóðlegri skráningu þessara aðila á markmiðum sínum er m.a. að hraða samstarfi til að bregðast við loftslagsvandinum.



- Sjá til þess að fjórðungur bílaflota fyrirtækisins verði knúinn með rafmagni árið 2020.
- Að taka þátt í orkusparnaðarátaki með opinberum aðilum.

Virðingarfyllst

Ragna Árnadóttir

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri



Nefndasvið Alþingis,
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. apríl 2017
2017040012/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál.

Við er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd, dags. 10. apríl sl. þar sem óskað er eftir áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál.

Náttúrufræðistofnun telur rétt og eðlilegt að mótuð sé stefnumörkun og aðgerðaráætlun um kolefnishlutlaust Ísland. Að mati stofnunarinnar er ekki raunhæft úr þessu að ljúka við bæði stefnumörkun og aðgerðaráætlunina innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í tillögunni. Náttúrufræðistofnun leggur mikla áherslu á að allar aðgerðir sem eru til þess ætlaðar að draga úr losun, binda eða koma í veg fyrir losun koltvísýrings eða annarra gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið taki tillit til þess að aðgerðirnar sjálfar séu ekki þess eðlis að þær raski lífríki landsins eða gangi þvert á vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Þetta verður að tryggja við gerð stefnumörkunar og aðgerðaráætlunar.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

2. maí 2017

Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að dregið verði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna athafna mannsins um heim allan. Þar hafa allar þjóðir hlutverki að gegna. Árangur mun einungis nást með alþjóðlegri samvinnu og samstöðu þar sem öll ríki bera ábyrgð og hvert og eitt leggur sitt af mörkum. Rannsóknir, nýsköpun og tækniþróun skipta höfuðmáli þar sem þróaðar eru loftslagsvænar lausnir sem taka við af eldri tækni.

Íslendingar hafa þegar lagt mikið af mörkum. Öll raforka og orka til húshitunar verður til með nýtingu sjálfbærra orkulinda. Þannig hófust aðgerðir hér á landi til að draga úr notkun olíu og kola til húshitunar mun fyrr en víðast annars staðar. Eðlilegt er að Íslendingar njóti viðurkenningar fyrir þetta markverða frumkvæði.

Skógrækt og landgræðsla hafa verið í verulegri sókn undanfarna áratugi og öflug binding kolefnis getur verið liður í því að jafna útstreymi kolefnis frá öðrum greinum.

Á undanförunum árum hafa fjölmörg fyrirtæki lagt mikla áherslu á að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda og eru gleggstu dæmin annars vegar í minni losun flúorkolefna við álframleiðslu og hins vegar í miklum samdrætti eldsneytisnotkunar við fiskveiðar. Einnig má nefna rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja í þessu samhengi.

Engin vafi er á að þessi þróun mun halda áfram og að mikil áhersla verður á orkusparnað í samgöngum bæði með þróun sparneytnari bílvéla og eins með þróun flutningatækja sem nota aðra orkugjafa.

Mikilvægt er að hafa í huga samkeppnishæfni atvinnulífsins þegar mótaðar eru reglur á þessu sviði. Íslendingar hafa gert samkomulag við Evrópusambandið (og Noreg) um sameiginlegt viðskiptakerfi með losunarheimildir. Það felur í sér að litið er á heildarlosun allra sem undir kerfið falla í Evrópu og stefnt að samdrætti í losuninni í heild. Þannig mun eftir því sem tíminn líður þrengjast um losunarheimildir, þeim fækkar, verðið hækkar og smám saman standa óhagkvæmustu fyrirtækin ekki undir auknum kostnaði og neyðast til að loka eða grípa til stórfelldrar endurnýjunar með nýjum tæknibúnaði. Ekki er unnt að líta á losun fyrirtækja sem starfa hér á landi sem séríslenskt vandamál eða setja þeim sérstakar íslenskar kvaðir. Það leysir ekki loftslagsvandann ef í staðinn verður aukin framleiðsla annars staðar í Evrópu – þar sem losunin er jafnvel meiri en hér á landi.

Einnig verður að hafa í huga að bæði samkvæmt losunarbókhaldi Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og einnig tilskipunum Evrópusambandsins gilda ákveðnar reglur um hvernig meta skuli árangur bindingar kolefnis. Þessar reglur eru ekki endilega þær sömu.

SA leggja áherslu á að atvinnulífið sinni umhverfismálum af ábyrgð, dragi úr sóun, nýti aðföng sem best, minnki úrgang og losun á öllum sviðum. Sjálfbær nýting auðlinda er lykill að farsælu atvinnulífi og velmegun þjóðar.

Virðingarfyllt,



Pétur Reimarsson,
forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs.



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræði 8 – 10
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2017

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál

Leiðin að minni losun gróðurhúsalofttegunda er eitt af mikilvægustu verkefnum samtímans. Sú vegferð sem heimurinn er á er mikilvæg og verkefnið mun standa um áratugaskeið. Því er þarft að horfa til langs tíma og huga að langtímasýn.

Ísland hefur skuldbundið sig til að ná metnaðarfullum markmiðum um minni losun fyrir árið 2030. Samtökin er sammála því að nú þegar markmið næsta áratugar hafa verið sett fram er þarft að setja einnig fram sýn til lengri tíma, byggt á greiningu á leiðum og tækifærum. Skýrt þarf að vera hvað átt er við með hugtökum sem notuð eru og hver ramminn er. Samtökin telja þingsályktunartillöguna óljósa hvað þetta varðar.

Ljóst er að það kallar á samhent átak fjölda aðila að ná markmiðum sem sett hafa verið og iðnaðurinn mun ekki láta sitt eftir liggja. Íslensk fyrirtæki hafa sýnt metnað í loftslagsmálum. Sem dæmi þá er íslensk tækni fyrir sjávarútveg í fremstu röð þegar kemur að áherslu á minni losun og íslensk álframleiðslan er með eitt minnsta kolefnisspor sem um getur í heiminum. Íslensk fyrirtæki munu áfram leggja metnað sinn í að vera í forystu í þessum málum. Loftslagsmál eru hnattræn í eðli sínu og höfum við náð góðum árangri á mörgum sviðum hérlendis. Framleiðsla á hreinni orku er eitt stærsta framlag okkar til loftslagsmála. Vörur framleiddar hérlendis hafa því mun lægra kolefnisspor en víða annars staðar og þannig skilar framleiðslan lægra kolefnisspori í hnattrænu samhengi.

Hver sem ákvörðun stjórnvalda verður um framtíðarsýn þá er iðnaðurinn tilbúin til að taka þátt og leggja sitt af mörkum í samstarfi við stjórnvöld og með stuðningi þeirra, vinna að heildstæðari áætlun og setja tímaramma og markmið til að gera framtíðarsýn að veruleika. Sem dæmi má nefna að með því að leggja til markvissan stuðning og styrki til rannsókna og þróunarverkefna á grænum lausnum getum við byggt upp hérlendis nýja tækni og aðlagað vörur og þjónustu að kröfum nútímans. Við getum auk þess lært af nágrannaþjóðum okkar sem sjá tækifærin í breytingum. Atvinnusköpun í grænni tækni, ný tegund af útflutningi byggð á þekkingu og styrkleikum okkar getur orðið að veruleika. Með Loftslagssjóði má styrkja nýsköpun á þessu sviði, styrkja nýja stoð í atvinnulífinu og auka útflutning á vistvænni tækni frá Íslandi.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Bryndís Skúladóttir'.

Bryndís Skúladóttir,
Sviðsstjóri framleiðslusviðs

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 28. apríl 2017
UST201704-086/M.I.K.
04.03

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál – umsögn

Þann 10. apríl 2017 sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál, til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt tillögunni skal fela umhverfis- og auðlindaráðherra að láta vinna stefnumörkun um aðgerðir sem miði að því að Ísland verði kolefnishlutlaust í síðasta lagi árið 2040.

Umhverfisstofnun heldur, í samræmi við lög um loftslagsmál nr. 70/2012, bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Umsögnin er skrifuð með það að leiðarljósi. Umhverfisstofnun fagnar metnaðarfullum markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á og vilja til að ganga lengra en núverandi skuldbindingar Íslands. Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Megin atriði umsagnarinnar eru að:

- áherslan í aðgerðum til að draga úr loftslagsbreytingum skal alltaf vera á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, líkt og fram kemur í greinagerð með tillögunni.
- mikilvægt er að tengja aðgerðaráætlun um kolefnishlutlaust Íslands og meta hvaða áhrif fyrirhugaðar aðgerðir hafa á skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og uppylli reglur losunarbókhaldsins.
- tryggja að aðgerðir til bindingar kolefnis hafi ekki neikvæð umhverfisleg áhrif.

Fyrir liggur samningur milli Íslands annars vegar og Evrópusambandsins og aðildarríkja þess hins vegar um þátttöku Íslands í sameiginlegum efndum á skuldbindingum Íslands, Evrópusambandsins og aðildarríkja þess á öðru skuldbindingartímabili Kyótóbókunarinnar við rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Einnig er nú unnið að sambærilegum samningi við Evrópusambandið ríki þess og Noreg vegna Parísarsamnings sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál. Með þessum samningum skuldbindur Ísland sig, meðal annars, til að skila á tveggja ára fresti skýrslu um stefnumótun og aðgerðaráætlun til að standast skuldbindingar þessa samninga.¹ Með vísan til þessa vill Umhverfisstofnun benda á að nauðsynlegt er að tengja aðgerðaráætlun um kolefnishlutlaust Íslands og meta hvaða áhrif fyrirhugaðar aðgerðir hafa á framangreindar skuldbindingar. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að aðgerðaáætlun um kolefnishlutleysi sé liður af aðgerðaráætlun

¹ Sbr. 13. gr. reglugerð (ESB) nr. 525/2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB sbr. VII. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál. Sbr. 3. mgr. 13. gr. í Proposal for a REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on binding annual greenhouse gas emission reductions by Member States from 2021 to 2030 for a resilient Energy Union and to meet commitments under the Paris Agreement and amending Regulation No 525/2013 of the European Parliament and the Council on a mechanism for monitoring and reporting greenhouse gas emissions and other information relevant to climate change.

Íslands í loftslagsmálum sbr.5.gr. nr.70/2012 um loftslagsmál og því mikilvægt að tengja áætlanirnar eins og mögulegt er.

Ljóst er að aðgerðaáætlun um kolefnishlutleysi muni hafa áhrif á hvernig Íslandi tekst til við að standast skuldbindingar sínar í loftslagsmálum. Á ári hverju skilar Umhverfisstofnun bókhaldi yfir losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda til Evrópusambandsins og loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Bókhaldið byggir á umfangsmiklum leiðbeiningum milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (Intergovernmental Panel on Climate Change – IPPC) og ítarlegu regluverki ESB um samræmdar kröfur um vöktun og skýrslugjöf er varða skuldbindingar í loftslagslögum, sem innleitt er hér á landi. Ísland þarf því að fylgja skýrum reglum þegar losun Íslands er reiknuð og er bókhaldið reglulega tekið út af bæði loftslagssamningnum og ESB. Það sama gildir um útreikninga um bindingu kolefnis úr andrúmsloftinu sem talin er fram í losunarbókhaldi Íslands. Íslandi, sem og öðrum ríkjum, eru því settar þröngar skorður um hvaða aðgerðir ríki geta talið sér til tekna gagnvart skuldbindingum sínum í loftslagsmálum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ef þær aðgerðir sem lagðar verða til í aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland eigi að nýtast Íslandi til að standast skuldbindingar sínar er nauðsynlegt að fyrirhugaðar aðgerðir séu í samræmi við reglur bókhaldsins og uppfylli þau skilyrði sem sett eru um bindingu kolefnis í skuldbindingum Íslands um loftslagsmál.


Einnig er vert að benda á að líkur eru á að sett sé þak á í fyrirhuguðum samningum við ESB og Noreg hversu mikla bindingu Ísland má telja sér til tekna, frá tilteknum aðgerðum, til að uppfylla skuldbindingar sínar í loftslagsmálum. Slíkar takmarkar eru t.d. á skuldbindingum Íslands gagnvart öðru tímabili Kyótóbókunarinnar þar sem Ísland má einungis nýta sér bindingareiningar vegna skógræktar (Forest Management) sem samsvarar 3,5% af losun Íslands árið 1990 sinnum 8 (fjöldi ára á tímabilinu) sem jafngildir um það bil 1000 kt. af CO₂-ígildum. Þess má geta að á árunum 2013-2015, fyrstu þrjú ár annars skuldbindingartímabils Kyótóbókunarinnar, var meðalbinding Íslands frá öllum aðgerðum um 500 kt. CO₂-ígildum á ári.

Í greinagerð með tillögunni segir að það „verði miðað við 40% minni samdrátt árið 2025 miðað við 1990 sem er þá metnaðarfullra markmið en Evrópusambandið hefur sett fram“. Umhverfisstofnun gengur út frá því að hér sé um ritvillu að ræða og átt sé við 40% minni losun árið 2025 miðað við 1990. Það er ekki ljóst í tillögunni hvort að hér sé átt við minni losun gróðurhúsalofttegunda eða hvort að markmiðið taki einnig mið af bindingu kolefnis og hvert hlutfall bindingar á að vera á árið 2025 eða fyrir önnur ár fram til ársins 2040.

Mynd 1 sýnir heildarlosun Íslands (án losunar frá alþjóðaflugi og landnotkunar) árunum 1990 - 2015 skv. losunarbókhaldi Íslands sem skilað var 15. apríl síðastliðinn til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og ESB. Á myndinni má einnig sjá áætlaða losun frá og með 2016-2025, miðað við að markmiðum tillögunar verði náð með línulegum samdrætti. Miðað við heildarlosun Íslands árið 2015 (4538 kt. CO₂-íg., ekki tekið tillit til bindingar) þyrfti að minka losun eða binda því sem samsvarar 2414 kt. CO₂-íg. árið 2025.



Losun 1990-2015*; Spá byggð á tillöginni



* með viðskiptakerfi ESB og innanlandsflugi

Mynd 1 heildarlosun Íslands (án losunar frá alþjóðflugi og landnotkunar) árunum 1990 - 2015 skv. losunarbókhaldi Íslands.

Framkvæmdastjórn ESB birti í júlí 2016 [tillögu](#)² að reglugerð um bindandi árlegan samdrátt aðildaríkjanna á losun gróðurhúsalofttegunda á árunum 2021 til 2030 og er hluti af regluverki ESB sem innleiðir skuldbindingar ESB samkvæmt Parísarsamningnum. Regluverkið mun ekki ná til losunar frá flugstarfsemi þar sem Parísarsamningurinn tekur ekki til losunar frá alþjóðlegri flugstarfsemi. Stefnt er að því að takmarka losun frá flugstarfsemi á alþjóðavísu með tilkomu [alþjóðasamkomulags](#) Alþjóðflugmálastofnunarinnar (ICAO)³.

Samkvæmt tillögu ESB skal ná markmiðum um 40% samdrátt í losun árið 2030 miðaða við 1990, með því að draga úr losun um;


- 43% árið 2030 frá staðbundnum iðnaði er fellur undir viðskiptakerfi ESB, miðað við losun árið 2005.
- 30% árið 2030 frá uppsprettum sem ekki falla undir gildissvið viðskiptakerfis ESB, miðað við árið 2005.

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegundir fyrir staðbundinn iðnað hefur verið starfrækt innan ESB frá árinu 2005 og hefur Ísland verið þátttakandi í viðskiptakerfinu frá árinu 2008. Árið 2015 féllu 40% eða 1817 kt. CO₂-ígildi af losun Íslands undir viðskiptakerfið sem felur í sér að rekstraraðilar sem bera ábyrgð á þeirri losun skulu árlega skila vottaðri skýrslu og losunarheimildum í samræmi við losun undangengins árs. Í júlí 2015 birti framkvæmdastjórn ESB [tillögu](#) að uppfærðu regluverki fyrir viðskiptakerfið og hvernig ná skuli 43% samdrætti í losun til ársins 2030, miðað við árið 2005.⁴

² Proposal for a REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on binding annual greenhouse gas emission reductions by Member States from 2021 to 2030 for a resilient Energy Union and to meet commitments under the Paris Agreement and amending Regulation No 525/2013 of the European Parliament and the Council on a mechanism for monitoring and reporting greenhouse gas emissions and other information relevant to climate change.

³ Upplýsingar um alþjóðasamkomulagið og aðila þess má finna á vef ICAO <http://www.icao.int/environmental-protection/Pages/market-based-measures.aspx>.

⁴ Proposal for a DIRECTIVE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL amending Directive 2003/87/EC to enhance cost-effective emission reductions and low-carbon investments. Aðgengilegt á <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:52015PC0337>



Mynd 2 Losun GHG. á Íslandi 2005-2015, skipt eftir því hvort hún falli undir viðskiptakerfi ESB eða ekki (án flugs og landnotkunar).

Eins og fram kemur hér að ofan hefur Ísland ekki lokið við gerð samninga við ESB og Noreg um sameiginleg markmið um að draga úr 40% losun GHG til ársins 2030, til að uppfylla Parísarsamninginn. Hins vegar er líklegt að krafa á Íslandi varðandi losun er ekki fellur undir viðskiptakerfið verði að draga úr losun á bilinu 35%-40%, til ársins 2030, miðað við losun 2005 (sbr. [Skýslu umhverfis- og auðlindaráðherra um stöðu og stefnu í loftslagsmálum](#)).


Myndin hér að neðan (mynd 3) sýnir losun Íslands sem ekki fellur undir viðskiptakerfið (bláu súlurnar á mynd 2) á árunum 1990-2015. Á myndinni er miðað við óbreytta losun á árunum 2016-2020⁵ og að Ísland fái kröfu á sig um að draga línulega úr losun um 40% miðað við árið 2005. Miðað við heildarlosun Íslands árið 2015 án losunar frá viðskiptakerfis ESB, flugstarfsemi og landnotkunar (2701 kt. CO₂-íg., ekki tekið tillit til bindingar) þyrfti að minka losun eða binda því sem samsvarar 465 kt. CO₂-íg. árið 2025 og 930 kt. CO₂-íg. árið 2030.

⁵ Ísland hefur þó skuldbundið sig til að draga úr losun fram til ársins 2020, skv. öðru tímabili Kyótóbókunarinnar.

Losun 1990-2015; Spá skv. skuldbindingum Íslands

gagnvart ESB og Noregi

án viðskiptakerfis ESB og án flugs



Mynd 3 Sviðsmynd af losun Íslands byggð á losunarbókhalda, spá (2016-2020) og fyrirhuguðum samningum með ESB og Noregi um sameiginlegar efndir til að uppfylla Parísarsamninginn.

Til að tryggja að Ísland nái að standast skuldbindingar sínar gagnvart Loftslangssamningi Sameinuðu þjóðanna og fyrirhugaðar skuldbindingar gagnvart ESB og Noregi er það mat Umhverfisstofnunar að aðferðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland eigi að hafa það að forgangsatríði að stuðla að því að Íslandi nái ofangreindum samdrætti og meta áhrif aðgerðaætlunar um kolefnishlutlaust Ísland á skuldbindingar sínar. Eins og áður hefur komið fram er líklegt að ríkjum verði settar þröngar skorður skilyrði hvaða bindingaraðgerðir og að hve miklu leyti verði heimilt að telja sér til tekna til að standast skuldbindingar í loftslagsmálum. Því er mikilvægt að huga að hlutfalli milli bindingar og minni losunar og leggja áherslu á minni losun.

Að endingu vill Umhverfisstofnun benda á að við val á aðgerðum til að binda kolefni sé tryggt að lagt verði mat á önnur umhverfisleg áhrif sem þær aðgerðir kunna að hafa. Í því samhengi má taka sem dæmi skógrækt þar sem að við val á landi undir skógrækt er mikilvægt að skilgreina vel þau landsvæði sem henta til skógræktar, áður en áætlanir um skógrækt eru gerðar þannig að öruggt sé að þau svæði sem áætlað er að hefja skógrækt á, henti til skógræktar og gangi ekki á önnur mikilvæg vistkerfi og jarðmyndanir. Umhverfisstofnun bendir á að stórfelld skógrækt geti breytt ásýnd lands og getur haft áhrif á og breytt vistkerfum, t.d. votlendi. Því er mikilvægt að velja þau svæði á réttan hátt og meta hvort skógrækt eigi við á hverju svæði fyrir sig. Hafa verður í huga að skógrækt getur einnig hindrað þessa vernd og endurheimt ef svæðin sem valin eru fyrir skógræktina henta ekki og ganga á önnur mikilvæg vistkerfi.


Ólafur Arnar Jónsson
Sviðsstjóri

Virðingarfyllt


Vanda L. Hellsing
sérfræðingur

